

Borgarstjórn Reykjavíkur
15. nóvember 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fyllt verði að nýju í Árbæjarlón

Borgarstjórn samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að hún hlutist til um að Orkuveita Reykjavíkur fylli án tafar í Árbæjarlón nú í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindmála um ólögmæti þeirrar framkvæmdar að tæma lónið varanlega.

Greinargerð

Í fyrirbyggjandi úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) í máli númer 24/2022 frá 20. október 2022 kemur fram skýr og afdráttarlaus niðurstaða úrskurðarnefndarinnar um að í tæmingu Árbæjarlóns hafi falist meiri háttar framkvæmd sem hafði áhrif á umhverfið og breytti ásýnd þess og að samkvæmt því hefði borið að afla framkvæmdaleyfis vegna hennar. Jafnframt kemur í úrskurðinum skýr niðurstaða nefndarinnar um að af þessum ástæðum hafi skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar borið að stöðva hina ólögmætu framkvæmd tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar í samræmi við 1. mgr. 53. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Felur úrskurðurinn í sér bindandi fullnaðarúrskurð sem er endanleg niðurstaða málsins á stjórnarsýslustigi skv. 6. gr. I. nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ber því að hlíta úrskurðinum og á það sérstaklega við um Reykjavíkurborg og félög í hennar eigu enda er sveitarfélögum falið að halda uppi lögum og reglu á sviði skipulags- og mannvirkjamála og ber því að sýna gott fordæmi á þeim sviðum.